

7.fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

7.fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn í ráðhúsi Hrunamannahrepps þann 11.janúar 2019 klukkan 10.00.

Nefndin mætti: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra, Halldóru Hjörleifsdóttur oddvita, Hannibal Kjartanssyni hitaveitustjóra og Styrmir Þorsteinssyni umsjónarmanni fjallaskála á afréttinum.

Dagskrá fundarins var að fara yfir stöðu fjallaskála á afréttinum sem Styrmir hefur haft yfirumsjón með síðustu 3 árin.

1. Fjallaskálar

- a. Styrmir og Kristín Erla eru með starfssamning út árið 2020.
- b. Styrmir fer yfir annasamt sumar.
 - i. Helsta vandamálið var rotþrotin í Leppistungum. Vatnstankurinn þar er farinn og þarf að finna lausn á því. Viftan í Leppistungum er einnig til vandræða. Það þarf að skoða hana og athuga hvort það sé hægt að laga hana, en það þarf að finna lausn á þessu vandamáli.
 - ii. Helgaskáli er illa farinn og þarf að fara í viðhald á honum. Forgangsverkefni að skipta um rúður á gaflinum og athuga með flóttaleiðir.
 - iii. Það þarf að gera einhver framtíðarplön með klósettmál í Svínarnesi. Hugmynd að koma upp einhverskonar kofa/gám fyrir utan með salernisaðstöðu og fatahengi.

2. Sorpmál

- a. Í framhaldi af miklum sorphirðu breytingum í Hrunamannahreppi í ársbyrjun 2019 þarf einnig að huga að sorpmálum á afréttinum.
 - i. Kaupa þarf flokkunartunnur til að hafa inni í öllum skálum.
 - ii. Nánari útfærsla er í skoðun.

3. Lóðamál á afréttinum

- a. Farið yfir hnit fyrir lóðir og byggingarreiti á afréttinum.
 - i. Helgaskáli: Á síðasta kjörtímabili var talað um að færa byggingarreitinn í Helgaskála. Við sjáum ekki ástæðu til að færa hann og höldum okkur við byggingarreit á svipuðum slóðum og hann er núna.
 - ii. Kerlingarfjöll: Stækka byggingarreitinn í kringum hesthúsin.
 - iii. Svínárnes: Hafa tvo byggingarreiti.
 - iv. Leppistungur: Einn byggingarreitur.
 - v. Miklöldubotnar: Hafa byggingareit á sama stað og gera ráð fyrir húsi og hesthúsi.

4. Girðingamál

- a. Tekin var ákvörðun um að búa til gagnagrunn um gerði á afréttinum.
- b. Afréttagirðingin.

- i. Tveggja ára samstarfsverkefni með landgræðslunni um að endurgirða 6.6 km kafla og byrja út frá Tungufelli.

5. Vegamál

- a. Vegirnir verða að vera komnir í lag áður en að traffíkin byrjar.
- b. Það þarf að halda áfram að laga veginn og er komið að því að laga kaflann frá Búrfelli að Merarskeiði. Mikið af grjóti er í veginum og þarf að bera ofan í hann.

Fundi slitið klukkan 11:55.